



Til umhverfis og samgöngunefndar / bílastæðanefndar.

Kópavogi, 10. febrúar 2020
2001040/999.00 SÓP

Efni: Gjaldskylda á Hamraborgarsvæði

Í framhaldi af stofnun Bílastæðasjóðs Kópavogsbæjar 2018 hafa verslunar- og þjónustufyrirtæki á miðbæjarsvæðinu við Hamraborg óskað eftir lausnum er varða bílastæðamál. Borið hefur á því að ökumenn hafa verið að koma á bifreiðum á miðbæjarsvæðið, leggja bíl sínum þar og taka almenningssamgöngur yfir í aðra þjónustukjarna. Einnig kvarta verslunareigendur í Hamraborg yfir því að stæði fyrir framan verslanir þeirra séu nýtt sem langtímastæði fyrir þá starfsmenn sem hafa vinnuaðstöðu í nágrenninu, og teppa því stæði sem að öðrum kosti myndu vera nýtt af viðskiptavinum

Það er einnig ósk fyrirtækja í Hamraborg 1-11 að Kópavogsbær taki að sér rekstur á bílastæðum við húsin sem eru þó innan lóðarmarka þeirra en í lóðarleigusamningum fyrir umræddar lóðir stendur að kvöð sé á suðurhluta lóðarinnar að þar séu almenn og sameiginleg bifreiðastæði fyrir húsin nr. 1-11 við Hamraborg. Ennfremur að Kópavogsbær mun sjá um rekstur bifreiðastæðis en gjaldskylda verði á notkun þeirra á verslunartíma. Gjaldskrá verði einhliða ákveðin af Kópavogsbæ og renna gjöld skv. henni til bæjarins.

Það er einnig ósk hús- og verslunareiganda að svæðið við Hamraborg 1-11 verði lagfært og reglubundnu viðhaldi sinnt, en brotalöm hefur verið á því að húsfélög húsanna sinni þessari vinnu enda hefur ásýnd svæðisins hrakað undanfarin ár og ekki verið í takt við tímann.

Til að koma til móts við þessar óskir sem og stuðla að betri nýtingu bílastæða leggur umhverfissvið það fram að tekið verði tillit til þessara kvaða í lóðarleigusamningum og hluti bílastæða í miðbæjarkjarnanum við Hamraborg verði gerð gjaldskyldur sé lagt lengur en 30 mínútur.

Um væri að ræða eftirfarandi bílastæði sem yrðu gerð gjaldskyld umfram 30 mínútur:

- Bílastæði við Hamraborg 1 til 11 næst byggingum
- Bílastæði við Hamraborg 8 til 22, við götu
- Bílastæði við Digranesveg 1, næst byggingu
- Bílastæði við Hálsatorg, næst torginu


Mynd 1 sýnir hvar gjaldskyldu á bílastæðum yrði komið á.

Gjaldskyld bílastæði yrðu vel merkt og gerð vel aðgreinanleg frá gjaldlausum bílastæðum. Bílastæðaverðir á vegum bílastæðasjóðs Kópavogs myndu framfylgja að reglum um gjaldskyldu yrði fylgt og leggja gjald á þá bíla sem ekki hafa greitt fyrir afnotin af stæðunum.



Bílastæði utan Hamraborgar 1-11 eru á bæjarlandi og því eiga lóðarhafar þar ekki rétt umfram aðra á bílastæðum við þær byggingar sem þar eru. Það er því einhliða ákvörðun Kópavogsbæjar um að leggja á gjaldskyldu eða ei.

Hægt væri að greiða í bílastæði gegnum smáforrit (app) ásamt því sem gjaldstaurum yrði komið fyrir til að hægt væri að framkvæma greiðslur. Tímagjald yrði samsvarandi því sem er að finna í Reykjavík.



Mynd 1. Stæði sem gjaldskylda yrði komið á á miðbæjarsvæðinu í Hamraborg. Grænn litur sýnir gjaldskyld stæði, gulur punktur sýnir staðsetningu gjaldstaura.

Virðingarfyllst,


Kópavogsbær
Umhverfissvið

Birkir Rútsson

Deildarstjóri gátnadeildar